

Fundargerð

299. fundur stjórnar Úrvinnslusjóðs (fjarfundur)

Fimmtudaginn 4. febrúar 2021 kl. 8³⁰–10³⁰.

Mætt: Laufey Helga Guðmundsdóttir (LHG), formaður Ólafur Kjartansson (ÓK), framkv.stj.
Benedikt S. Benediktsson (BSB) Guðlaugur Sverrisson (GS), fundarritari.
Bryndís Gunnlaugsdóttir Holm (BGH) Gestir: Sigurgeir Bárðarson (SB) frá SFS
Hildur Hauksdóttir (HH) Íris Gunnarsdóttir (ÍG)
Hlíðar Þór Hreinsson (HÞH)
Lárus M.K. Ólafsson (LÓ)
Eygerður Margrétardóttir (EM)

1. Fundargerð síðasta fundar.

Samþykkt án áritunar.

2. Veiðarfærasamningur.

Farið var yfir svör SFS við athugasemdum sem komið hafa fram drög að veiðafærasamningi. Rætt var um upplýsingagjöf til Úrvinnslusjóðs og einnig rætt um framleiðendaábyrgð. Næstu drög veiðafærasamnings verða í höndum SFS og LHG og stefnt er að því að leggja ný drög fyrir stjórn í mars. ÓK falið að skoða hvernig samningsdrög uppfylla kröfur laga um úrvinnslugjald og kröfur plasttilskipunarinnar. Fullgerð drög að veiðafærasamningi yrðu því næst send til umsagnar Umhverfisstofnunar í samræmi við lög um úrvinnslugjald. SB yfirgaf fund 09:30.

3. Ráðstöfun.

Í umræðum stjórnar í lok síðasta árs um endurvinnslu plastumbúða var ákveðið að fjalla um endanlega ráðstöfun plastumbúða sem sendar eru til flokkunar eða til miðlara. ÓK lagði fram og fór yfir yfirlit um ráðstöfunaraðila Úrvinnslusjóðs. Haldnir voru bæði símafundir og sendar fyrirspurnir um hvað verður um plastið sem fer til ráðstöfunaraðila í meðhöndlun. Farið var yfir endurvinnslu- og endurnýtingarhlutfall hjá þessum fyrirtækjum. Einnig var fylgt eftir, ef efnið var áframsent til annara meðhöndlunaraðila og farið yfir hvernig staðfestingar eru gerðar við móttöku á áframsendu efni. Farið var yfir tillögur um hvernig tryggja megi betri gögn um endanlega ráðstöfun. Sýnt var staðlað form sem aðili í Belgíu gerir við miðlara og farið yfir. Sagt var frá

samskonar vinnu fyrir aðra úrgangsflokka sem eru í vinnslu. Stjórnarmenn óskuðu eftir að þessari vinnu yrði haldið áfram og kynnt fyrir stjórn eftir því sem fram vindur.

4. Heyrulluplast.

Farið var yfir að á síðasta stjórnarfundum var kynnt tillaga að breyttri flutningsjöfnun fyrir heyrulluplast.

Tillagan felst í að greiða aukalega fyrir meðhöndlun og böggun annars vegar og flutninga frá núllpunktum til endurvinnslu hér á landi hins vegar. Farið var yfir tillöguna og ÓK sýndi glærur. Stjórnarmenn ræddu tillöguna. Upplýst var að kostnaðarauki við meðhöndlun innanlands yrði um 20-25 kr./kg.

HH og LÓ yfirlög fund 10:20.

Umræðu frestað.

5. Spilliefni.

Lögð var fram á fundinum tillaga að nýju endurgjaldi fyrir ráðstöfun spilliefna í framhaldi af nýrri gjaldskrá Kólku frá 1. janúar 2021.

Frestað.

6. Önnur mál.

Rætt um frauðplastmál á Höfn í Hornafirði en málið er nú leyst.

Næsti fundur 18. febrúar 2021 kl. 8:30.

Fundi slitið kl. 10:30